



Árborg okkar allra

## ÁFRAMHALDANDI ÁRANGUR

# Leiðarljós D-listans í Árborg kjörtímabilið 2026-2030

Markmið Sjálfstæðisflokksins í Árborg á komandi kjörtímabili er að auka hagsæld sveitarfélagsins ásamt því að léttu undir og bæta daglegt líf okkar íbúa.

Skýr framtíðarsýn þar sem við viljum léttu róðurinn og tryggja ábyrga fjármálastjórn sem skili sér í lægri álögum á íbúa og fyrirtæki. Byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og sterka innviði í fjölskylduvænu samfélagi þar sem íbúar á öllum aldri geta sótt þjónustu og fengið störf við hæfi. Þá ætlum við að standa fyrir uppbyggingu útivistar- og frístundasvæða sem á að bæta lífsgæði okkar íbúa til lengri tíma.

Þjónusta sveitarfélagsins á að þróast í takti við þarfir íbúa á öllum æviskeiðum og mun Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg styðja við bættu og skilvirkari þjónustu sem ýtir undir farsæld og lífsgæði íbúa Árborgar

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins munu vinna þétt saman með öðrum bæjarfulltrúum að þeim verkefnum og tækifærum sem eru framundan í sveitarfélaginu. Saman munum við ná betri árangri fyrir Árborg okkar allra.

## FIMM LEIÐARLJÓS SEM VIÐ ÆTLUM AÐ VINNA EFTIR FYRIR ÍBÚA OG FYRIRTÆKI Í ÁRBORG

Stunda ábyrgan rekstur með það að markmiði að lækka álögur á íbúa og fyrirtæki.

Uppbygging innviða og viðhald verði í takti við þörf.

Málefni fjölskyldunnar og farsældar barna í fyrirrúmi.

Styðja við áframhaldandi vöxt atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Efla útivistarsvæði og möguleika til hreyfingar og útiveru í samfélaginu.



## REKSTUR OG STJÓRNSÝSLA

Við viljum samfélag þar sem álögur eru hóflegar, aðgengi íbúa að stjórnsýslunni sé skilvirkt og til staðar sé virkt samtal við íbúa og atvinnulíf.

### Þess vegna ætlum við að:

- Stunda áfram ábyrga fjármálastjórn
- Lækka fasteignagjöld og aðrar álögur á einstaklinga og fyrirtæki
- Virkja einkaframtakið með fjölbreyttum hætti
- Efla aðkomu íbúa með reglulegum íbúafundum allt kjörtímabilið
- Rýna stjórnsýslu sveitarfélagsins með það að markmiði að efla þjónustu og skilvirkni
- Halda áfram með stafræna umbreytingu og nýta tækifæri gervigreindar
- Uppfæra heimasíðu fyrir sveitarfélagið



## SKIPULAG OG FRAMKVÆMDIR

Við viljum samfélag þar sem eru traustir innviðir, fjölbreyttar lóðir fyrir íbúðir og atvinnustarfsemi og framtíðarsýn í skipulagsmálum.

### Þess vegna ætlum við að:

- Tryggja að uppbygging innviða haldist í hendur við uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis
- Skipuleggja fjölbreytta búsetukosti fyrir eldri íbúa í sveitarfélaginu
- Endurskoða aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborg
- Árborg verði í fararbroddi í uppbyggingu einbýlis-, rað- og parhúsa
- Auka lóðaframboð á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Klára uppbyggingu Sigtúnsgarðs á Selfossi
- Taka í notkun nýjan kirkjugarð
- Vinna skýra stefnu um þungaflytninga innan bæjarmarka í sveitarfélaginu



## SAMGÖNGUMÁL

Við viljum samfélag sem hvetur til fjölbreytts ferðamáta og hugar að umhverfisvænum valkostum. Sveitarfélagið Árborg verði í fararbroddi sem hreyfisamfélag.

### Þess vegna ætlum við að:

- Gera átak í uppbyggingu göngu-, reið- og hjólastíga innan sveitarfélagsins
- Bæta skipulag frístundaaksturs milli byggðarkjarna
- Bæta aðgengi fyrir hjólandi vegfarendur í sveitarfélaginu
- Stuðla að aukinni rafbílavæðingu bifreiða sem sinna akstri fyrir Árborg
- Þjóða út lóðir undir flugskýli við Selfossflugvöll



## ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Við viljum samfélag sem er skapandi, hvetjandi og opið fyrir nýjum tækifærum

### Þess vegna ætlum við að:

- Skapa skilyrði fyrir áframhaldandi vöxt atvinnulífs í sveitarfélaginu
- Tryggja áframhaldandi framboð atvinnulóða
- Efla frumkvöðla og nýsköpun í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands
- Styðja við aukna samvinnu skóla og atvinnulífs
- Lækka álögur á fyrirtæki



## SKÓLASTARF

Við viljum samfélag þar sem valfrelsi, fjölbreytileiki og sjálfstæði er í skólastarfi. Árborg er í fararbroddi í farsæld barna sem byggir sterkan grunn að góðu samfélagi.

### Þess vegna ætlum við að:

- Horfa til fleiri sjálfstætt starfandi leik- og/eða grunnskóla í sveitarfélaginu
- Bæta enn frekar starfsaðstæður í leik- og grunnskólum fyrir nemendur og starfsfólk
- Styðja við sjálfstæði hvers grunnskóla
- Efla innleiðingu farsældar barna (8-vita æskunnar) og auka áfram samstarf milli fagaðila
- Efla háskólasamfélagið á svæðinu og möguleika ungmenna til náms í heimabyggð
- Endurbæta skólalóðir grunnskólanna
- Setja fram skýra framtíðarsýn um húsnæðismál BES á Eyrarbakka



## ÍPRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

Við viljum samfélag þar sem allir íbúar geta notið íþrótta- og/eða frístundastarfs, bæði í afreksstarfi eða til skemmtunar. Forvarnargildi íþrótta- og frístundastarfs er ómetanlegt.

### Þess vegna ætlum við að:

- Hækka frístundastyrkinn í 70.000kr. fyrir börn 6-18 ára og 35.000kr. fyrir börn 0-5 ára
- Taka í notkun nýtt svæði fyrir Skátafélagið Fossbúa á móti Sunnulækjarskóla
- Styðja enn frekar fjölbreytt forvarnastarfs m.a. flakkandi félagsmiðstöð, geðheilbrigðismál og fleira
- Opna félagsmiðstöðvar í hverjum grunnskóla til að efla þátttöku unglinga í Árborg
- Taka í notkun nýtt íþróttamannvirki fyrir fimleika, handbolta og fleira frístundastarf við Stekkjaskóla
- Vinna áfram að skýrri framtíðarsýn uppbyggingar og viðhalds íþrótta- og frístundamannvirkja í samvinnu við félagasamtök



## VELFERÐ

Við viljum samfélag með góða grunnþjónustu þar sem við höfum öll sömu tækifæri. Samfélag sem er opið fyrir fjölbreytileika.

### Þess vegna ætlum við að:

- Efla stoðþjónustu sveitarfélagsins fyrir börn og ungmenni
- Fjölga atvinnu- og virkniúrræðum einstaklinga með skerta starfsgetu
- Efla virkniúrræði ungs fólks í samstarfi við Eljuna og fleiri
- Halda áfram að bæta aðgengi um allt sveitarfélagið
- Fjölga plássum og vinna að framtíðarhúsnæðismálum fyrir dagdvölinna Árblik og Vinaminni



## ELDRI ÍBÚAR

Við teljum að það sé gott að eldast í Árborg og eldri íbúar geti notið lífsins á eigin forsendum.

### Þess vegna ætlum við að:

- Vera áfram með tengiráðgjafa í verkefninu “Gott að eldast”
- Funda áfram reglulega með félögum eldri borgara í sveitarfélaginu
- Auka samstarf ungmennaráðs og skóla við eldri borgara til að efla félagsþátttöku
- Opn heilsuefling fyrir eldri íbúa í Árborg geti vaxið áfram
- Ljúka við endurbætur á félagsaðstöðu eldri borgara í Grænumörk
- Byggja upp afþreyingarmöguleika á Sýslumannstúninu á Selfossi



## UMHVERFIÐ OG AÐGENGI

Við viljum samfélag þar sem umhirða og umhverfismál eru til fyrirmyndar og horft sé til umhverfissvænna lausna.

### Þess vegna ætlum við að:

- Bæta aðgengi á göngustígum fyrir m.a. barnavagna, hjólastóla og rafskutlur
- Stórauka átak í umhirðu og umhverfismálum í sveitarfélaginu
- Efla enn frekar endurvinnslu í sveitarfélaginu sem skilar sér í lægri gjöldum til íbúa og fyrirtækja
- Setja aukið fjármagn til uppbyggingar á grænum svæðum
- Bæta aðstöðu við hundasleppisvæði og gera nýtt fyrir smáhunda



## ÚTIVIST

Við viljum samfélag sem hvetur til hreyfingar og íbúar geti notið fjölbreyttra útivistarmöguleika til samveru og afþreyingar.

### Þess vegna ætlum við að:

- Efla útivistarsvæðin í Árborg, m.a. Hellisskóg, Hallskot við Eyrarbakka og við listaverkið Kríuna í samstarfi við skógræktarfélagin í Árborg
- Fjölga frísbíggfivöllum í Árborg
- Tryggja öruggar reiðleiðir í samstarfi við Hestamannafélagið Sleipni
- Byggja upp nýtt tjaldsvæði og tengja við Hellisskóg á Selfossi



## MENNINGARMÁL

Í Árborg er gróskumikið og fjölbreytt menningarlíf sem vert er að styðja. Öflug menning skapar farsælt samfélög.

### Þess vegna ætlum við að:

- Styðja áfram og efla bæjarhátíðir og viðburði í sveitarfélaginu
- Vinna áfram að uppbyggingu menningarsalar á nýjum stað í samstarfi við ríki og einkaaðila
- Koma af stað uppbyggingu nýs húsnæðis fyrir Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi
- Stuðla áfram að auknu framboði námskeiða í listum og skapandi greinum
- Efla bókasöfnin í Árborg sem fjölbreyttar menningar- og samfélagsmiðstöðvar



## BETRI SAMFÉLAG

Við viljum samfélag sem hvetur til fjölbreyttrar hreyfingar og útivistar. Þar viljum við að Árborg verði í fararbroddi með góða þjónustu og hvatningu til heilsusamlegs lífsstíls. Árborg er skemmtilegri borg.

### Þess vegna ætlum við að:

- Stuðla að auknum möguleikum til hreyfingar í Árborg
- Koma upp grillaðstöðu á grænum svæðum
- Byggja upp nýjan heitan pott og kennslu- og keppnislaug við Sundhöll Selfoss
- Klára endurbætur á búningsaðstöðu og tækjabúnaði í Sundlaug Stokkseyrar
- Lengja opnunartíma sundlauga
- Koma upp skautasvelli á Selfossi og bæta aðstöðu við Löngudæl á Stokkseyri



## FJÖLSKYLDAN

Við viljum samfélag þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Forgangsröðun sé byggð á þörfum barna og ungmenna með það að markmiði að skapa sterkan grunn til framtíðar.

### Þess vegna ætlum við að:

- Lækka almenn námsgjöld á leikskólum
- Fjölga leikskólaplássum í samræmi við íbúapróun
- Tryggja dagforeldrum aukna aðstöðu til að hittast með börnin
- Bæta leiksvæði fyrir alla aldurshópa
- Ýta undir fjölbreytta viðburði sem hvetja til samveru fjölskyldunnar